

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra um reikning fyrninga og vaxta vegna fjármögnunarleigu fólksbifreiða.

Útreikningur frádráttarbærs hluta leigugreiðslna rekstrarárið 2024 vegna fjármögnunarleigu á fólksbifreiðum fyrir færri en 9 menn, þó að undanskildum leigubifreiðum skv. 4. tölul. 50. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal vera sem hér segir:

- Fyrningargrunnur telst vera kaupverð bifreiðar eins og það er ákveðið við kaup leigusala (fjármögnunarleigufyrirtækis) á viðkomandi bifreið að frádregnum áður fengnum fyrningum.
- Til frádráttar hjá leigutaka á rekstrarárinu 2024 telst 20% fyrning af fyrningargrunni skv. 1. tölul. hér að framan, að viðbættum 9,1% vöxtum reiknuðum hlutfallslega miðað við upphaf eða lok leigutíma á árinu 2024. Vextir reiknast af fyrningargrunni.
- Fyrning skv. 2. tölul. hér að framan er heimil að fullu rekstrarárið 2024, hvort sem leigutímabilið hefst eða því lýkur á því ári.

Reykjavík, 9. desember 2024.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.